

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Fjallabyggð.

1. gr.

Af hundum í Fjallabyggð skal Fjallabyggð innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar nr. 631/2012 um hundahald í Fjallabyggð.

2. gr.

Hundaleyfisgjald greiðist árlega 12.000 kr. Innifalinn í leyfisgjaldi er sá kostnaður sem verður vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar, heilbrigðisskoðunar dýralæknis, ormahreinsunar og aflesara. Allur annar kostnaður sem til fellur vegna hunda, skal greiddur af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 11. gr. samþykktar nr. 631/2012 um hundahald í Fjallabyggð, skal vera 6.000 kr. Ef vista þarf hund yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð 1.000 kr. fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Fjallabyggðar vegna hunds.

Eigandi hunds getur fengið hann afhentan, að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins.

4. gr.

Gjaldskrá þessa skal bæjarstjórn taka til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 18. nóvember 2016 á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Við birtingu fellur úr gildi gjaldskrá nr. 32/2015 fyrir hundahald í Fjallabyggð.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 2. nóvember 2016.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 18. nóvember 2016.

Fjallabyggð, 22. desember 2016.

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri.